



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/843
komudagur 3.12.2012

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

3. desember 2012

Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum, 264. mál

Frumvarpið byggir á skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar, sem skilaði skýrslu sinni til iðnaðarráðuneytis í desember 2011. Helstu tillögur frumvarpsins eru:

1. Að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu.
2. Að sérstakur skattur, jöfnunargjald, verði sett á sölu á raforku og heitu vatni, til að fjármagna niðurgreiðslur raforkudreifingar annars vegar, og styrki við uppbyggingu nýrra hitaveitna hins vegar. Fjárhæð skatts af raforku verði 0,10 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) af seldri raforku og 1,0% af smásöluverði á heitu vatni (8. gr.).

Að auki eru settar fram ýmsar tillögur á borð við að ákvæði um olíukyndingu verði breytt í ákvæði um eldsneyti, þannig að t.d. viðarkyntar hitaveitur njóti sömu niðurgreiðslna og olíukyntar. Samorka styður þá breytingu.

Dregið úr hagkvæmni og sjálfbærni

Hvað varðar 1. tillöguna hér að framan, þá vill Samorka hins vegar vekja athygli á því að með fullri niðurgreiðslu á flutnings- og dreifingarkostnaði yrði í mörgum tilvikum fjarlægður helsti hvatinn til að nýta hagkvæmstu auðlindina. Þannig myndi slíkt kerfi vinna gegn hvoru tveggja hagræðingu og sjálfbærni. Forsendur jarðhitaleitar og stofnunar nýrra hitaveitna myndu rýrna mjög verulega þar sem dregið yrði mjög verulega úr öllum hvata til þess að leggjast út í fjárfestingar í nýjum hitaveitum.

Félagslegar aðgerðir sem greiðist af almennu skattfé

Hvað varðar 2. helstu tillöguna sem nefnd er hér að framan, þá er þarna verið að leggja til að félagslegar aðgerðir, sem í dag eru fjármagnaðar beint af ríkissjóði (sem var eitt af grundvallaratriðum við setningu raforkulaganna árið 2004) og þar með af skattgreiðendum almennt, verði í framtíðinni fjármagnaðar af orkunotendum og þá í beinu hlutfalli við það orkumagn sem þeir nota í dag. Að mati Samorku er engan veginn ásættanlegt að flækja þannig framkvæmd og draga úr gegnsæi verðlagningar á sölu (í tilviki heits vatns) og dreifingu á orku með því að blanda þar inn félagslegum aðgerðum sem í dag eru fjármagnaðar af almennu skattfé. Samtökin minna á að á sínum tíma var horfið frá hinu mjög svo umdeilda verðjöfnunargjaldi á raforku, einmitt



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem það sætti vegna skorts á gegnsæi og sanngirni í dreifingu þess kostnaðar sem kerfið hafði í för með sér.

Þá virðist þarna gengið út frá þeirri forsendu að eðlilegt sé að þeim viðskiptavinum sem í dag nota mesta orku beri einhverra hluta vegna öðrum fremur að fjármagna húshitun á svokölluðum köldum svæðum, eða stofnstyrki við nýjar hitaveitur. Vandséð er hví svo ætti að vera. Loks skal í þessu sambandi minnt á að sala á raforku fer fram á sömu kjörum óháð búsetu eða staðsetningu viðskiptavina, eða því í hvað orkan er notuð.

Varðandi gjaldtökuna sem rætt er um í annarri tillögunni hér að framan er einnig rétt að benda á að í athugasemdum með frumvarpinu virðist, líkt og í forsendum skýrslu fyrrnefnds starfshóps, gert ráð fyrir að nýtt jöfnunargjald verði lagt á raforkukaup stóriðjufyrirtækja (tekið er fram að miðað sé við 17 TWst). Samorka minnir á að samningar stóriðjufyrirtækja um raforkukaup eru iðulega gerðir til langs tíma og því yrði þátttaka fyrirtækjanna í slíku kerfi væntanlega, a.m.k. í einhverjum tilfellum, háð samþykki þeirra.

Samorka leggst gegn samþykkt megingintillagna frumvarpsins, hvað varðar verðjöfnungargjaldið. Samtökin leggjast þó ekki gegn niðurgreiðslu húshitunar á köldum svæðum, enda verði hún fjármögnuð af almennu skattfé.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri